

Egill Helgason  
Miðstræti 3a  
101 Reykjavík

Reykjavík 3. júní 2007.

**Efni:** Ólögmæt uppsögn þín á starfssamningi þínum við 365 miðla ehf.

Til míin undirritaðs héraðsdómslögmanns, Einars Þórs Sverrissonar hjá Mörkinni lögmannsstofu hf. hafa leitað 365 miðlar ehf., hér eftir nefndir 365, og falið mér að gæta réttar síns vegna ólögmætar uppsagnar þinnar á starfssamningi við 365.

**Málavextir:**

Málavextir eru þeir að hinn 18. desember 2006 var gerður ráðningarsamningur milli þín og 365, þar sem þú varst ráðinn sem dagskrárgerðarmaður, auk þess að annast skrif á vefmiðlinum [www.visir.is](http://www.visir.is) og vera með innslög í Ísland í dag. Samningurinn gilti frá 1. janúar 2007 til 31. maí 2007. Júnímánuður skyldi greiddur sem orlofsmánuður.

Þar sem samningurinn átti að renna út án uppsagnar hinn 31. maí sl. hófust viðræður milli þín og Ara Edwald forstjóra 365 um gerð nýs samnings í lok mars sl. Hinn 12. apríl sl. sendir þú Ara minnisblað með þeim breytingum, sem þú vildir að gerðar yrðu á fyrri samningi og áhersluatriðum. Á fundi ykkar hinn 19. apríl sl. náðuð þið saman um öll meginatriði nýs samnings eða framlengingar hins eldri, en þú kvaðst vilja bera málið undir systur þína áður en þú gengir endanlega frá samningsgerðinni.

Þremur dögum síðar eða hinn 22. apríl sl. sendir þú Ara Edwald tölvupóst þar sem þú lýstir þig reiðubúinn að klára þetta á þeim grundvelli sem um hafði samist og með þeim athugasemdum sem komu fram í fylgiskjali með tölvupóstinum. Þann dag rædduð þið Ari einnig saman í síma og staðfestuð munnlega að samningur væri kominn á milli þín og 365. Engu að síður var ákveðið að staðfesta það með tölvupóstsendingu ykkar á milli. Í beinu framhaldi af því símtali sendi Ari Edwald til þín eftirfarandi tölvupóst kl 16:10:

Sæll Egill,

Staðfesti að eins og við tölzuðum um í símanum áðan, þá er kominn á samningur milli okkar til a.m.k. 2ja ára, með einum greiddum mánuði vegna sumarleyfis. Launagreiðsla til EH [...]<sup>1</sup> Að öðru leiti í samræmi við þann ramma sem gilt hefur og það sem farið hefur okkar á milli, en við skulum klára skriflega útgáfu af þessu í vikunni.

Kv. Ari

---

<sup>1</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

Í beinu framhaldi kl. 16:18 eða átta mínútum síðar skrifar þú tölvupóst til Ara Edwald, þar sem stóð: „Ok, móttekið, ég fer á laun 1. sept. – kv. Egill”.

Vísun til 1. september er áréttung þín á því sem Ari hafði ekki tekið beint upp í sínum tölvupósti en hafði áður komið fram hjá þér í fylgiskjali með tölvupósti til Ara.

Dráttur varð á því að þið Ari Edwald hittust til að skrifa undir skriflega útgáfu af samningnum. Málið var hins vegar frágengið og forgangsstig málsins minnkaði sökum þess. Að auki var mikið álag á starfsmenn fréttastofu Stöðvar 2, þ.m.t. þín, þar sem kosningasjónvarp var í undirbúningi.

Hinn 21. maí sl. skrifaði Ari Edwald eftirfarandi tölvupóst til þín:

Sæll Egill,

Við áttum eftir að setja stafina okkar á skriflegu útgáfuna af þessum samningi. Ég er búinn að uppfæra gamla textann með þeim breytingum sem við sömdum um. Spurning hvenær þú vilt koma við til að kvitta og fá þitt eintak.

Kv. Ari

Daginn eftir, hinn 22. maí sl., hringdi Ari Edwald í þig til að fylgja málinu eftir. Þú tjáðir honum að þú værir í útlöndum og kæmir heim eftir mánaðarmót. Ari skyldi hins vegar ekki hafa neinar áhyggjur af samningnum ykkar á milli, þar stæði allt eins og stafur á bók og þú myndir ljúka frágangi málsins um leið og þú kæmir til landsins. Ari sagði í símtalinu að þrálátur orðrómur væri uppi þess efnis að þú værir að fara til RÚV, en þú fullvissaðir Ara um að það væru eingöngu kjaftasögur, sem ekki ættu við rök að styðjast.

Í framhaldi af þessu símtali tjáði Ari Edwald stjórnarmönnum 365 og nokkrum samstarfsmönnum sínum frá innihaldi þessa samtals, þar sem þessir aðilar höfðu spurt Ara um stöðu málsins og rakið frásagnir um mögulega för þína til RÚV, m.a. til venslafólks þíns og nafngreindra starfsmanna RÚV.

Í ljósi þess sem síðar hefur komið fram vekur útspil þitt í símtalinu hinn 22. maí einna mesta furðu. Á þeim tímapunkti var sjónvarpsframkomu þinni lokið fram á haust. Engu að síður hafa 365 nú upplýsingar um að u.p.b. þremur vikum áður hafir þú verið búinn að ráða þig til RÚV. Bendir allt til þess að einu hagsmunir þínir af því að leyna gerð þess samnings hafi verið að tryggja að 365 myndu örugglega greiða þér launagreiðslu hinn 1. júní sl., sem 365 hefðu vitaskuld ekki gert hefði félagið vitað af því að þú hafir samið við RÚV. Allt bendir því til þess að þú hafir beitt blekkingum til að fá greiðsluna. Það sem enn fremur rennir stoðum undir þessa ályktun er að tilkynning þín til 365 sem var send í tölvupósti hinn 1. júní sl., er send í beinu framhaldi af því að laun júnímánaðar eru lögð inn á bankareikning þinn.

### **Málsástæður 365.**

365 telur engan vafa leika á því að ofangreind samskipti sanni að kominn hafi verið á endanlegur samningur milli þín og 365 um störf þín í þágu 365. Einkum er þó byggt á staðfestingu þinni hinn 22. apríl sl., en með henni staðfestir þú án nokkurra fyrirvara að gengið hafi verið endanlega frá samningi milli þín og 365 um störf þín fyrir félagið á þeim launum sem þar koma fram til tveggja ára en að öðru leyti í samræmi við þann samning sem rann út hinn 31. maí sl. Það eina sem hafi verið eftir að gera hafi verið að skrifa undir formlegan samning. Samkvæmt íslenskum rétti eru munnlegir samningar jafngildir skriflegum. Í þessu máli liggar enn fremur fyrir skrifleg staðfesting þín á því að samningur hafi verið kominn á, sem gilti til tveggja ára. Í tölvupósti sem þú sendir Ara Edwald og Sigmundi Erni Rúnarssyni fréttastjóra 1. júní sl. tilkynntir þú að þú hefðir gert samning við RÚV, þrátt fyrir að samningar við Stöð 2 hafi „nánast [verið] komnir á lokapunkt”, sem er reyndar ekki rétt með vísan til ofangreinds, þar sem endanlegur samningur var kominn á milli þín og 365.

Svo virðist sem þú teljir að þar sem þú hafir ekki verið búinn að undirrita skriflegan samning hafi þú verið óbundinn. Það er hins vegar mikill misskilningur.

365 hefur upplýsingar um að þú hafir gert samning við RÚV um mánaðarmótin apríl - maí sl. og hafir samkvæmt honum átt að hefja störf hjá RÚV 1. júní sl.

Uppsögn þín á samningnum er í andstöðu við lög. Í vinnurétti gildir svo kölluð trúnaðarskylda. Í henni felst að á starfsmanni hvílir sú skylda að hann virði samkeppnisvernd atvinnurekanda og starfsmaður hagi störfum sínum þannig að það ógni ekki samkeppnisstöðu atvinnurekendans. Í því felst m.a. að ráða sig ekki til annars aðila á ráðningartímanum, allra síst samkeppnisaðila. Ráðning þín til RÚV er skýrt brot á þessari reglu. Í samningi þínum við 365, kemur fram í 4. gr. að þér sé óheimilt að starfa fyrir aðra á samningstímanum án samþykkis yfirmanns. Ráðning þín til RÚV er því að auki skýrt brot á tilgreindu samningsákvæði.

Með vísan til þess sem að ofan hefur verið rakið er þess hér með krafist að þú efnir þann gilda samning, sem var kominn á milli þín og 365 um tveggja ára ráðningartíma, á þeim kjörum, sem komu fram í tölvupósti Ara Edwald og þú staðfestir hinn 22. apríl sl. Verðir þú ekki við því með sannanlegum hætti fyrir lok föstudagsins 8. júní nk. mun þess verða krafist við embætti sýslumannsins í Reykjavík að lögbann verði lagt á fyrirhuguð störf þín hjá RÚV. Þá er áskilinn réttur til skaðabóta vegna ólögmætrar uppsagnar og ráðningar þinnar til RÚV.

f.h. 365 miðla ehf.

Einar Þór Sverrisson, hdl.

Samrit sent:

Ríkisútvarpið ohf.  
Páll Magnússon  
Efstaleiti 1  
103 Reykjavík.